



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

# FORMANNAFUNDUR 2024

**Dagsetning:** Miðvikudagurinn 27. nóvember 2024

**Fundartími:** 17.00

**Fundarstaður:** Fundarsalur B, ÍSÍ, Engjavegi 6.

### Fundarmenn:

Formenn / fulltrúar félaga :

AKR : Kristín Þórhallsdóttir

ÁRM : Davíð Ólafur Davíðsson

BRE : Róbert Kjaran

KFR : Ingimundur Björgvinsson

MAS : Þóra Kristín Hjaltadóttir

Framkv.stjóri KRAFT

Lára Bogey Flinnbogadóttir

Úr stjórn KRAFT

Hinrik Pálsson (formaður)

Auðunn Jónsson (meðstjórnandi og íþróttastjóri)

Kristleifur Andrésson (meðstjórnandi)

Laufey Agnarsdóttir (ritari)

Sigurjón Pétursson (heiðursformaður KRAFT og varaformaður IPF)

Gry Ek (fyrrv. formaður KRAFT)

## 1. FUNDARSETNING

Hinrik Pálsson formaður KRAFT setti fund sem boðað var til skv. lögum Kraftlyftingasambands Íslands, VII. kafla. 26. gr.

## 2. KOSNING FUNDARSTJÓRA OG RITARI

Formaður lagði til að Sigurjón Pétursson, varaformaður IPF, yrði fundarstjóri og Laufey Agnarsdóttir ritari sem var samþykkt.

## 3. LAGA- OG REGLUGERÐARBREYTINGAR VEGNA AGAMÁLA / AGABROTA

Hinrik formaður KRAFT steig í pontu og ræddi þörfina á uppfærslu á lögum og reglugerðum KRAFT vegna agamála / agabrota. Það hefur orðið ljóst vegna mála sem upp hafa komið að þörf er á yfirferð. ÍSÍ er að byrja að fara yfir sínar reglugerðir / lög um agamál. Fyrir einhverjum árum var aganefnd KRAFT lögð niður og má segja að það hafi myndast tómarúm vegna þeirra breytinga. Ferill mála innan ÍSÍ tekur mikinn tíma og felur í sér kostnað. Það er augljóst að sum mál á að geta klárað innan sérsambandsins. Stjórn KRAFT mun beina því til laganefndar KRAFT að hefja yfirllestur og endurbætur á reglugerðum og lögum sem fjalla um agamál / agabrot. Einnig skal laganefnd kanna í hvaða farveg er rétt að beina agamálum / agabrotum. Á að endurvekja aganefnd og þá



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

hver yrði samsetning hennar til að gæta hlutleysis eða er annar betri kostur í stöðunni? Markmiðið með vinnu laganefndar er að efla regluverkið sem snýr að agamálum / agabrotum og um leið gera það skýrara svo enginn velkist í vafa um hvert ferlið er.

Almenn ánægja meðal fundarmanna með verðandi vinnu laganefndar en ítrekað að vanda þarf til verka. Fullmótaðar tillögur verða lagðar fyrir næsta Kraftlyftingabing.

### 4. STYRKVEITINGAR VEGNA LANDSLIÐSVERKEFNA

Formaður fór yfir tilhögun styrkja vegna landsliðsverkefna og stöðuna hjá Afreksjóði.

Skrifstofu og formanni KRAFT berast reglulega fyrirspurnir frá landsliðsfólki um styrki í einstök verkefni. Því miður getur fyrirsjánleikinn verið lítil vegna stærðar landsliðs, kostnað vegna ferðalaga á keppnisstað o.fl. KRAFT er með innri viðmið sem þarf að skoða hverju sinni. Stjórn KRAFT hefur samt ákveðið að birta viðmið á heimasíðu KRAFT, ákveðinn fyrirvari er á viðmiðum en lagt er upp með að viðmiðin upplýsi a.m.k. um lágmarksstyrki vegna landsliðsverkefna.

Verið er að vinna að breytingum á fyrirkomulagi afreksstyrkja ÍSÍ. Formenn sérsambanda ÍSÍ funduðu í sl. viku með forsvarsmönnum framboða til alþingisskostninga. Rétt fyrir fundinn var undirritaður samningur um fjárframlög ríkissins til ÍSÍ fyrir árið 2025 þ.e. fyrir eitt ár. Fjárframlög fyrir næsta ár, m.a. vegna afreksstarfs, hækka um 637 milljónir kr. Gera má ráð fyrir að aukagreiðslu til sérsambanda í febrúar. Ekki ljóst hve há greiðslan verður en búist við frekari upplýsingum í byrjun desember.

### 5. UMRÆÐA UM NÝJU LANDSLIÐSLÁGMÖRKIN OG VAL Í LANDSLIÐ

Landsliðslágmörk voru uppfærð í haust. Formaður fór stutt yfir forsögu þeirra. Svo virðist sem almenn ánægja er með ný lágmörk og úrslit síðustu móta sýna að iðkendur hafi tekið þeim sem hvatningu til að gera betur. Við val í landsliðsverkefni er vert að minna á að þó að iðkandi hafi náð landsliðslágmörkum er ekki þar með sjálfsgagt að viðkomandi sé valinn í landsliðið sbr. 3. gr. verklagsreglna KRAFT við val í landslið. Auðunn ípróttastjóri KRAFT steig í pontu og óskaði eftir umræðu um hve stíf landsliðsnefnd og stjórn eigi að vera t.d. þegar of fáir eru með lágmörk fyrir einstök mót, hvort ekki sé t.d. jákvæðara að mæta með keppendur á mót þó að í einhverjum tilfellum séu keppendur ekki með lágmörk. Við val á NM unglunga hefur t.d. verið gefinn afsláttur á öll lágmörk. Þau sem eiga erindi, hafa sýnt dugnað og bætingar, fá að fara þó að þau hafi ekki lágmörk. Það hefur sýnt sig að fá að vera með á NM er mikil hvatning til ungmennanna og smitar út frá sér.

Fundarmenn voru sammála um skoða megi að hleypa fólki út í landsliðsverkefni sem hafa ekki náð lágmörkum. Spurning hvort viðkomandi sé nk. „Wild Card“ í andliði. Í öllum tilfellum þarf að gæta að faglegum rökstuðningi og fundarmenn voru sammála um að þarna kemur vel mönnum landsliðsnefnd sterkar inn.



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

### 6. REGLUR UM FÉLAGASKIPTI

Formaður óskaði eftir umræðu um tímamörk vegna félagaskipta. Það hefur verið umræða m.a. innan stjórnar um hvort það eigi að losa aðeins um tímamörk Lyftingasambandið er t.d. mun frjálsara en frkv.stjóri KRAFT telur að það hafi ekki verið gæfuskref fyrir Lyftingasambandið. Fram komu áhyggjur að ef félagaskipti verða of opin gæti verið hætt á að iðkendur skipti örar um félög vegna mögulegra styrkja. Umræða varð um hvort það ætti að vera gluggi fyrir félagaskipti tvisvar á ári eins og er í sumum íþróttum. Íþróttastjóri benti á að þetta mál getur einnig haft áhrif á tryggingamál á æfingastöðum t.d. ef iðkandi þar er í öðru félagi. Fundarmenn voru sammála um að óparfi er að leggja stein í götu iðkenda að óþörfu þ.s. oftast eru góðar ástæður fyrir félagaskiptum.

Í reglugerð KRAFT um félagsskipti kemur þegar fram að viðkomandi iðkandi þarf að vera skuldlaus við fyrrum félag áður en félagaskipti geta orðið. Einnig kemur fram að óheimilt sé að keppa fyrir fleiri en eitt félag á sama keppnistímabili sem er 1. janúar - 31. desember. Í mótareglum KRAFT í 8. gr. um hlutgengni segir að til að mega keppa á mótum innan KRAFT þarf keppandi að vera skráður kraftlyftingaiðkandi í aðildarfélagi innan KRAFT a.m.k. mánuði fyrir mótisdag. Ef um er að ræða meistaramót þarf viðkomandi að vera skráður a.m.k. þrjá mánuði fyrir mótisdag. Undþága frá þessu ákvæði er í höndum stjórnar.

Með hliðsjón af upptöldum atriðum úr reglugerðum voru fundarmenn sammála um að leggja til að félagaskipti megi gera einu sinni á ári s.s. óháð keppnistímabili. Stjórn KRAFT mun uppfæra reglugerð um félagaskipti.

### 7. AFREKSSTEFNA KRAFT

Afreksstefna KRAFT tekur enda á næsta ári, 2025. Það er því ljóst að nú þarf að hefja vinnu við að útbúa nýja afrekstefnu KRAFT. Afrekssvið ÍSÍ er með ágætis upplagg í sínum fótum og verður það til hliðsjónar við vinnuna. Stjórn og landsliðsnefnd KRAFT munu vinna saman að nýrri afreksstefnu og innleiðingu hennar. Afreksstefnan þarf að vera tilbúin fyrri hluta næsta árs og mun stjórn KRAFT leggja hana fram til staðfestingar á næsta Kraftlyftingabingi. Fyrirv. formaður ítrekaði mikilvægi afreksstefnunnar sem stefnuskrá / vinnuplagg stjórnar KRAFT. Við allar ákvarðanir á að hafa afreksstefnu til hliðsjónar. Kom fram að mörg atriði af afreksstefnu sem talin voru háleit markmið hafa orðið að raunveruleika t.d. að halda Heimsmeistaramót á Íslandi.

### 8. ÖNNUR MÁL

#### A. Kraftlyftingar í búnaði

Hugleiðingar formanns KRAFT eftir HM í kraftlyftingum með búnaði, hvort við eigum að hlúa betur að búnaðinum. Hann á undir högg að sækja en upplifunin að halda HM á klakanum gaf mörgum betri innsýn í kraftlyftingar með búnaði. Í Noregi hefur sambandið styrkt þjálfara sérstaklega til að þjálfra kraftlyftingar með búnaði og kynna fyrir iðkendum.



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

Kom fram að haldin eru námskeið í klassískum kraftlyftingum en engin grunnnámskeið í kraftlyftingum með búnaði, iðkendur í klassík hafa helst komist í tæri við búnað ef þeir hafa tekið þjálfaranámskeið.

Fundarmenn voru sammála um að efla skulu nýliðun með námskeiði. Þainnig má koma kraftlyftingum með búnaði meira inn í félögin því víða vantar þekkinguna. Stjórn mun taka fyrir næsta stjórnarfund.

### *B. NM unglunga 2025*

Mótið verður haldið á Íslandi á næsta ári. Hefði átt að vera í ár en fengum skipt við vini okkar Dani vegna HM.

Fundarmenn voru sammála um að fylla í alla flokka á mótinu. KRAFT mun óska eftir tilnefningum tímanlega í byrjun næsta árs svo að unga fólkið geti byrjað að hlakka til.

### *C. Kraftlyftingar í búnaði á NM unglunga*

Á næsta ári verður NM unglunga haldið á Íslandi en þar er keppt í þrílyftu í klassík og með búnaði ásamt bekkpressu í klassík og með búnaði.

Fundarmenn voru sammála um að kynna búnaðinn fyrir verðandi NM keppendum. Stjórn KRAFT sendir á félög hvatningu að skoða búnaðinn með sínum NM keppendum.

### *D. Kostnaður vegna búnaðarkaupa*

Það hafði vakið furðu eins fundarmanns að afreksfólk í kraftlyftingum í búnaði fær ekki sérstaka styrki vegna búnaðarkaupa. Það er ljóst að kostnaður vegna búnaðarkaupa fyrir kraftlyftingar með búnaði getur hlaupið á fleiri hundrað þúsund krónum. Erfitt er orðið að nálgast búnað og fá hann sendan til landsins nema með miklum kostnaði. Á HM í kraftlyftingum með búnaði hafa t.d. ekki verið söluaðilar fyrir búnaðarkraftlyftingar í fleiri ár.

Fundarmenn voru sammála um að veita skulu afreksfólki í kraftlyftingum í búnaði aukastyrki vegna búnaðarkaupa. Stjórn KRAFT mun setja þetta inn í nýja afreksstefnu.



## KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

### *E. Smáþjóðarmótið*

Formaður KRAFT benti fundarmönnum (formönnum) á að muna eftir smáþjóðarmótinu í Luxemburg í febrúar þegar þeir senda inn tilnefningar. Mótið er opinn flokkur í C-flokki.

### *F. Gleðin að gefa tilbaka*

Í lokin var ítrekuð skoðun frá fundarmanni um að bæta eigi inn sjálfboðavinnu inn í landsliðssamninga, x klst pr. ár. Það vantar alltaf sjálfboliða á mót og þetta myndi hjálpa til mönnun móta. KRAFT styður landslið fjárhagslega og það ætti að vera vilji hjá landsliðsmeðlimum að gefa tilbaka til íþróttarinnar.

Fundarmenn voru sammála um að setja inn í landsliðssamning. Stjórn KRAFT uppfærir landsliðssamning.

## **9. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl. 18.37.